

Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

14. febrúar 2019
Mannréttinda- og lýðræðisráð

Dagbjört Hákonardóttir
Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar



LAGAUMHVERFIÐ

- 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu
- 71. gr. stjórnarskrárinnar
 - Friðhelgi fjölskyldu, heimilis, bréfaskipta og líkama
 - Réttur til verndar persónuupplýsinga
- Almenna persónuverndarreglugerðin nr. 2016/679 (PVRG)
 - Einnig þekkt sem „GDPR“
 - 99 lagagreinar, 173 formálsorð
 - Nú liggja fyrir lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
 - Gildissvið er víðtækt og nær til heimsins alls



PERSÓNUUPPLÝSINGAR

- Hvers kyns upplýsingar sem nota má til að persónugreina einstakling
- Gerður er greinarmunur á:
 - almennum persónuupplýsingum (2. tl. 3. gr. pvl.)
 - viðkvæmum persónuupplýsingum (3. tl. 3. gr. pvl.)



ALMENNAR PERSÓNUUPPLÝSINGAR

- Sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og **nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni** eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í **líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu** eða **félagslegu** tilliti.



VIÐKVÆMAR PERSÓNUUPPLÝSINGAR

- Upplýsingar um **uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnámálaskoðanir**, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
 - *Úrskurður Persónuverndar í máli nr. 103/2003 (Guðfræðingatal)*
 - *Úrskurður Persónuverndar í máli nr. 276/2002 (Falun Gong)*
- Upplýsingar um **heilsuhagi**, þar á meðal **um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun**.
 - *Dómur EB dómstólsins í máli nr. c-101/01 (Bodil Lindquist)*
- Upplýsingar um **kynlíf manna og kynhegðan**.
- Upplýsingar um **stéttarfélagsaðild**.



VINNSLA

- Aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, leit, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging
 - Varðveisla er líka vinnsla!



ÁBYRGÐARAÐILI

- Aðili sem ákvarðar, einn eða í samvinnu við aðra, tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.



VINNSLUAÐILI

- Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila
- Upplýsingakerfi sem kemur frá þriðja aðila, en þó ekki einstakir starfsmenn
- Verktakar, t.d. umsjón með ýmsum gagnasöfnum fagsviðs

Sjálfstæðar skyldur vinnsluaðila:

- Öryggi upplýsinga sé tryggt
- Halda skrá yfir vinnslustarfsemi
- Tilkynna ábyrgðaraðila um öryggisbrest
- Mögulega þurfa þau að tilnefna persónuverndarfulltrúa
- Notkun undirvinnsluaðila óheimil (t.d. skýjaþjónusta), nema með samþykki ábyrgðaraðila
- Sektorheimildir ná einnig til vinnsluaðila



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018
 - Ábyrgðaraðila er skylt að móta sér reglur, sbr. 24. gr. laganna og 78. liður formálsorða almennu persónuverndarreglugerðarinnar nr. 2016/679
 - Innbyggð og sjálfgefin persónuvernd



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

78. liður formálsorða almennu persónuverndarreglugerðarinnar:

78) Til að vernda réttindi og frelsi einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga er nauðsynlegt að gerðar séu **viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir** til að tryggja að kröfum þessarar reglugerðar sé fullnægt. Til að geta sýnt fram á farið sé að þessari reglugerð **ætti ábyrgðaraðilinn að setja sér innri stefnu og innleiða ráðstafanir sem fylgja einkum meginreglunum um innbyggða persónuvernd og sjálfgefna persónuvernd**. Slíkar ráðstafanir gætu m.a. falið það í sér að draga sem mest úr vinnslu persónuupplýsinga, færa persónuupplýsingar undir gerviauðkenni eins skjótt og unnt er, gagnsæi að því er varðar eiginleika persónuupplýsinga og vinnslu þeirra, gera skráðum einstaklingi kleift að fylgjast með vinnslu upplýsinganna, gera ábyrgðaraðila kleift að taka upp og bæta öryggisþætti. (...). Einnig ætti að taka tillit til meginreglnanna um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd í tengslum við opinber útboð.



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

- Rennir stoðum undir stefnumótun fagsviða og undirstofnana
 - Grunnskólar, bókasöfn og aðrir geta nú við mótun eyðublaða og innri reglna vísað til persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar samhliða settum lögum
 - Markmiðið er að auka gegnsæi gagnvart íbúum og þjónustunotendum og tryggja meðvitund þeirra um grundvallarréttindi



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

- Starfshópur um öryggi persónuupplýsinga í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar
 - Tók til starfa skv. erindisbréfi dags. 6. júní 2017 (R17050041)
 - Helstu verkefni:
 - Skipun verkefnahópa um öryggi persónuupplýsinga á fagsviðum og í miðlægri stjórnarsýslu og skilgreina verkefni þeirra.
 - Yfirferð PVRG og kortlagning á því hvaða kröfur hún gerir til Reykjavíkurborgar.
 - Kortlagning persónugreinanlegra gagna skv. reglugerðinni í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar. Greining á uppruna gagna, tilgangi með söfnun og vinnslu þeirra, geymslu, eyðingu og möguleikum í upplýsingagjöf.
 - Gerð aðgerðaráætlunar og tillagna um úrbætur til þess að tryggja að meðferð persónuupplýsinga verði í samræmi við nýja persónuverndarlöggjöf.
 - Kostnaðarmat tillagna.
 - Fulltrúar allra fagsviða og skrifstofa í miðlægri stjórnarsýslu eiga sæti í hópnum, auk borgarritara (formaður) og persónuverndarfulltrúa.



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

- Starfshópurinn hittist síðast 4. desember sl. og veittu fulltrúar umsögn um fyrirbyggjandi drög.
- Stefnan liggur nú fyrir mannréttinda- og lýðræðisráði og er í 10 liðum



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

1. Meðferð persónuupplýsinga

- Áreiðanleiki, trúnaður og öryggi.
- Stefnumótun af hálfu Reykjavíkurborgar taki mið af efni persónuverndarstefnu
- Samstarfsaðilum skal kynnt stefnan áður en þeim er falin vinnsla persónuupplýsinga



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

2. Vinnsla persónuupplýsinga

- Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar sem nota má til að persónugreina skráða einstaklinga, beint eða óbeint.
- Starfsfólki sé gefinn kostur á reglulegri fræðslu og þjálfun
- Miðlægar verklagsreglur verði mótaðar



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

3. Söfnun persónuupplýsinga og tilgangur vinnslu

- Söfnun einskorðist við þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar hverju sinni, og aldrei í ósamrýmanlegum tilgangi við upphaflega öflun upplýsinga, án samþykkis.
- Eðli upplýsinga ræðst af verkefnum/vinnslum hverju sinni, svo og heimildir persónuverndarlaga til vinnslu
 - Samþykki, efndir samnings, lagaskylda, brýnir hagsmunir, almannahagsmunir eða beiting opinbers valds, svo og lögmætir hagsmunir (9. gr. laga nr. 90/2018)
- Sérstök gát vegna viðkvæmra persónuupplýsinga auk upplýsinga sem varða börn og aðra ólögráða einstaklinga.
 - Öryggis sé gætt í skólasamfélaginu og á vettvangi velferðarþjónustu



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

4. Miðlun persónuupplýsinga til utanaðkomandi aðila

- Byggist almennt ýmist á samningi og/eða lagaskyldu.
- Miðlun fari hvorki fram utan EES nema lög heimili, né í ósamrýmanlegum tilgangi án vinnsluheimildar
- Ópersónugreinanlegar upplýsingar verði þó nýttar í þágu vísinda- og rannsókna eftir því sem lög heimila



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

5. Varðveisla persónuupplýsinga

- Reykjavíkurborg er afhendingarskyldur aðili skv. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn
- Óheimilt er að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna nema með sérstakri heimild þjóðskjalavarðar.
- Skjöl í vörslum Reykjavíkurborgar almennt afhent Borgarskjalasafni að 30 árum liðnum (ath. þó eftir 5 ef þau eru á rafrænu formi)



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

6. Nákvæmni og áreiðanleiki persónuupplýsinga

- Upplýsingar skulu vera *réttar*
- Reykjavíkurborg veiti hinum skráða rétt til að leiðrétta upplýsingar innan þeirra marka sem lög heimila sem og með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

7. Öryggi persónuupplýsinga

- Viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir skulu gerðar
- Aðgangsheimildir takmarkaðar og bundnar við það starfsfólk sem þarf að nota upplýsingarnar við störf sín
 - Nýlegt dæmi: Breytingar á aðgangi starfsfólks að viðbótarupplýsingum í þjóðskrá



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

8. Réttindi skráðra einstaklinga

- Viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til að hinn skráði geti gætt upplýsingaréttar og réttar til aðgangs að upplýsingum.
- Andmælaréttur
- Beiðnir almennt teknar til afgreiðslu innan eins mánaðar frá móttöku



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

9. Kvartanir, beiðnir og ábendingar

- upplýsingar@reykjavik.is
 - Netspjall
 - 411-1111
 - Eyðublöð liggja fyrir hjá þjónustuveri
 - Stefnt er að rafrænni afgreiðslu beiðna á Mínum síðum
- utd@reykjavik.is (grunur um öryggisbrest)



Persónuverndarstefna Reykjavíkurborgar

9. Kvartanir, beiðnir og ábendingar

- upplýsingar@reykjavik.is
 - Netspjall
 - 411-1111
 - Eyðublöð liggja fyrir hjá þjónustuveri
 - Stefnt er að rafrænni afgreiðslu beiðna á Mínum síðum
- utd@reykjavik.is (grunur um öryggisbrest)

